Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

# Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista



Áskrifendur STÉTTABARÁTTUNNAR eru vinsamlegast beðnir um að láta ritnefnd blaðsins vita ef einhver brestur hefur verið á að þeir fengju blaðið sent. Ef svo er, mun ritnefnd senda þau blöð, sem á vantar. Orsakirnar fyrir þessu, eru víss óreið sem skapast hefur í skipulagningu áskriftaútsendinga og skráningar áskrifenda

ritnefnd

3. tölublað Þriðjudagur 1. feb. 1977 6. árgangur verð kr. 100



## Afnám skattafrádráttar sjómanna

Skömmu eftir að ríkisstjórnin lagði fram drög þau að nýrri skattalöggjöf sem svo mjög hefur verið deilt um, ákvað hún að senda þau til verkalýðssamtakanna til umsagnar. Skyldu þau skila áliti sínu á plagginu fyrir 31. jan. n.k. Sá frestur sem ríkisvaldið gaf til þessara umsagnar var alltof stuttur þar sem mörg atriðin í skattalagabreytingunni eru mjög flókin og oft ekki augljóst hvaða áhrif þau munu hafa fyrir verkafólk. Með því að þykjast vilja hafa samráð um gerð skattalaga við "aðila vinnumarkaðarins" reynir ríkisvaldið að fela stéttareðli sitt og koma fram stéttasamvinnuhugmyndum sínum. Þannig er reynt að koma því inn hjá verkafólki að lög séu sett með hagsmuni allra þegnanna í huga og fullt tillit muni tekið til tillagna þeirra, um breytingar.

Þrátt fyrir það að ríkisvaldið muni varla bregðast vel við skoðunum vinnandi fólks á frumvarpi þessu er engu að síður nauðsynlegt að gerðar verði kannanir á áhrifum þess svo verkafólki megi vera ljóst hverju beri að berjast gegn og hvað sé e.t.v. til bóta.

Reynslan hefur kennt okkur að breytingar á skattakerfinu eru oft gerðar í þeim eina tilgangi að reyna að breiða yfir aukningu skatta með tilfærslu á skattabyrðinni milli hinna ýmsu hópa launafólks.

Núverandi skattakerfi viðurkennir að nokkru sérstöðu sjómanna og gerir ráð fyrir sérstökum sjómannafrádrætti þeim til handa. Í þeim drögum sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram eru áætlaðar breytingar á þessum frádrætti. Til að sjómenn geti gert sér grein fyrir því hvort skattalagabreyting þessi muni verða til að rýra enn léleg kjör þeirra er nauðsynlegt að eftirfarandi atriði verði tekin til rannsóknar:

1. Hvaða breytingar fela lögin í sér þ.e. frá hverjum og til hverra er verið að færa fé.
2. Skv. drögunum á að fella niður sjómannafrádráttinn, en setja inn í staðinn einhvern skattaafslátt til sjómanna. Hvernig kemur sá afsláttur út, er það e.t.v. mismunandi eftir veiðum?
3. Hversu stór hluti sjómanna er giftur? Hversu stór hluti maka aflar heimilunum tekna og hve mikilla? Vegna ákvæða frumvarpsins um breytingu á samsköttun hjóna geta þessi atriði skipt verulegu máli í þessu sambandi.

Sá tími sem ríkisstjórnin ætlaði Sjómannasambandinu og Farmanna og fiskimannasambandinu til að gera athugun á þessum atriðum auk margra annara sem of langt mál yrði upp að telja var allt of stuttur (2-3 mán.). Þess vegna eru enn ekki komnar fram neinar niðurstöður fyrir sjómenn til að byggja á. Hins vegar munu slíkar athuganir nú standa yfir og mun Stéttabaráttan reyna að skýra lesendum sínum frá niðurstöðum þeirra eins fljótt og kostur er.

Ef þær leiða það í ljós eins og margt virðist benda til að hér sé um að ræða tilraun ríkis-

framhald á blaðsíðu 3.



## Erlendar skuldir hafa margfaldast!

Þróun erlendra skulda íslenska ríkisins undanfarin ár skýtur rækilega stoðum undir þá skoðun kommúnista að borgarastéttin er alls ófær um að viðhalda sjálfstæði landsins. Skipulagsleysi og stjórn efnahagslífsins veldur því að landið festist í klóm erlends bankavalds. Burgeisarnir leiða þjóðina út í skuldafen til að geta viðhaldið hömlulausum innflutningi ónauðsynjavarnings. Bak við standa gróðahagsmunir heildsalamafíunnar. Það er því ekki aðeins með bónorðum til erlendra stóriðjuhringa sem burgeisarnir svíkja sjálfstæði Íslands.

Lítum á nokkrar tölur um þróun erlendra skulda þessu til staðfestingar. Á árinu 1975 námu erlendar lántökur alls 21 milljarði króna. Í fyrra voru þær 20,7 milljarðir og eru áætlaðar af Þjóðhagsstofnun 20,8 milljarðar á þessu ári. Heildarskuldir Íslands við erlenda banka hafa því numið undanfarin ár:

| | | |
|---|---|---|
| 1974 | 41,1 | milljarður króna |
| 1975 | 73,0 | " " |
| 1976 | 95,5 | " " |
| 1977 | 115-120 | " " |

Þessi lán hafa að langminnstu leyti farið til framleiðsluaukandi framkvæmda innanlands s.s. til skipakaupa eða hitaveituframkvæmda. Þetta eru fyrst og fremst neyslulán til þess ætluð að tryggja óheftan innflutning á allskyns varningi og glingri. Þeir hefur verið varið til gjaldeyriseyðslu í þágu heildsalanna en ekki til gjaldeyrissparnaðar.

Þetta sannast á því að fjárfestingar í sjávarútvegi, landbúnaði og innlendum iðnaði hafa farið hraðminnkandi undanfarin ár. Árið 1975 minnkuðu fjárfestingar um 21% að magni til, árið 1976 um 12-13% og á þessu ári er gert ráð fyrir 15% minnkun.

Í stað uppbyggingar íslenskra atvinnuvega hefur verið veitt gífurlegum fjárfestingum til erlendrar stóriðju og virkjana í sambandi við þær.

Þær tölur sem hér hafa verið raktar sýna ljóslega hvert stefnir. Undir forystu burgeisanna er landið flækt fastar og fastar í net alþjóðlegs auðmagns. Þeir eru reiðubúnir til að fórna sjálfstæði landsins fyrir stundargróða.

Góðir lesendur. Við eigum ekki aðeins í höggi við landsölumenn heldur landráðamenn.

MVS/-

## Kröfur verkalýðs baráttunnar

ASÍ-forystan og bergmál þeirra í ýmsum smærri samtökum, hefur kröfunni um 100 þús. króna lágmarkslaun á lofti. Í fljótu bragði virðist svo sem hér sé framfarasinnuð krafa á ferðinni. En ef að er gáð verður ljóst að þetta er aðeins endurtekning á fyrri starfsaðferðum ASÍ/forystunnar. Árið 1970 hljóðaði sama krafa upp á 25 þús., 1973 var hún komin upp í 40 þús., var 80 þús. á síðasta ári og hefur nú loks náð 100 þús. krónum. En það er líka eini árangurinn. Í rauninni hefur bilið milli óska verkalýðsforystunnar og raunlauna verkafólks alltaf aukist, en jafnhliða hafa kröfurnar orðið æ hæverskari.

### Eru 100 þúsund krónur áfangi á réttri leið?

Nú segja talsmenn ASÍ-forystunnar í Eikm-l að 100 þús. krónu krafan sé "taktísk krafa", henni sé ætlað að mjaka verkafólki nær lífvænlegum launum. Saga seinni ára, sýnir ljóslega sannleiksgildi þessarar kenningar 100 þús. krónukrafan er nákvæmlega jafnmikill áfangi á réttri leið, eins og 25 þús., 40 þús., og 80 þús. króna- kröfurnar voru á undan henni. Og hver einasti maður þekki þessa áfangasigra af eigin raun, nafnvirði launa í 6. taxta Dagsbrúnar hefur náð upp undir 70 þús. króna áfangann, ekki vegna baráttu verkalýðsforystunnar, heldur vegna verðbólgunnar. Og á sama tíma hefur kaupmátturinn minnkað geysilega, svo að raunlaun þyrftu að vera minnst 140 þús., til að hægt sé að lifa af þeim. Þetta er sannleikurinn um fyrirhugaða áfangasigra ASÍ-forystunnar og handbenda hennar. 100 þús. króna-krafan kemst sjálfsagt í framkvæmd innan nokkurra ára, það fer eftir hraða verðbólgunnar. Og þegar þeim áfangasigri verður náð, verður kaupþörf verkalýðsins orðin rúmlega 200 þús., með núverandi vexti verðbólgunnar. Laglegur áfangasigur það eða hitt þó heldur.

### Hvert er kjörorð allra vinnandi manna?

Í dag er baráttan fyrir 40-stunda vinnuviku á vísitölutryggðum og lífvænlegum launum sú krafa sem allt vinnandi fólk, hvort sem er innan ASÍ, BSRB eða annara samtaka verður að sameinast um. Yfirvinnan hefur kallað á samkeppni og innbyrðis baráttu verkafólks, um leið og hún dregur úr félagsþroska þess og tíma til félagsstarfa. Yfirvinnan er aðeins ein leið til þess að auka gróða atvinnurekendans, hún er bara lenging vinnudagsins, þótt fyrir hana komi sérstök þóknun. Hana verður að afnema og tryggja að hvergi sé lengur unnið en 40 stundir á viku. En samhliða styttri vinnudegi verður umfram allt að tryggja að launin lækki ekki heldur að verkafólk fái þau laun fyrir 40 stundir á viku, sem það fær nú með kannske 70-80 stunda vinnuviku. Afnám yfirvinnu og vísitölubinding launa samkvæmt framfærsluvísitölu þetta eru raunhæfar kröfur, sem verkafólk verður að heyja öfluga baráttu fyrir. En við þekkjum líka, að vísitala hefur oftlega verið fölsuð, til að lækka kaup verkafólks. Þess vegna er ekki nóg að ná þessari kröfu fram, verkalýðsfélögin verða sífellt að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna og vera reiðubúin til baráttu gegn verðbólgunni og kjaraskerðingum. Það er ekki nóg að heyja "baráttu" meðan samningar standa yfir á hótel Loftleiðum, baráttuna verður að heyja stöðugt og af miklu meira afli.

### Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum

Það sem kemur í veg fyrir að baráttan verði háð á þennan hátt er ekki slappleiki félagsmanna eða áhugaleysi eins og forystan lætur í veðri vaka Við verkafólk erum reiðubúin til baráttu, en ekki undir forystu eða samkvæmt leiðsögn núverandi forystumanna verkalýðshreyfingarinnar. Við viljum gera verkalýðsfélögin að raunverulegum baráttutækjum, forystumenn okkar eiga að vera í nánum tengslum við venjulegt verkafólk, og þeir verða að lúta aðhaldi okkar og leiðbeiningum á almennum félagsfundum. Baráttan fyrir 40-stunda vinnuviku á lífvænlegum launum og baráttan fyrir skattfrelsi á þurftarlaunum er erfið og langvinn. Þess vegna verður að heyja hana skipulega og stöðugt og líta svo á, að sérhver verðhækkun sé stríðsyfirlýsing auðvaldsins, sérhver uppsögn verkafólks sé tilefni víðtækrar baráttu allara stéttarinnar. Verkafólk, við verðum að gera okkur grein fyrir að við erum auðsigruð hvert í sínu lagi. En undir forystu kommúnísks flokks og vel skipulagðra verkalýðsfélaga erum við ósigranleg og fær um að velta Grettistaki í þjóðfélagsmálum. Þess vegna er mikilvægt að styrkja uppbygginguna Kommúnistaflokks Íslands og herða baráttuna fyrir því, að verkalýðsfélögin verði gerð að raunverulegum baráttutækjum.

# LEIÐARI



Vindhöggum 7-menninganna svörum við:"Gegn niðurrifsstarfi -Byggjum vikublaðið!"

# Vindhögg

Þungu höggi var beint að Kommúnistaflokki Íslands þegar 7 félagar gengu úr flokknum og ætluðu að draga með sér fleiri félaga og brjóta niður skipulag og starf flokksins. En þegar til kom reyndist þetta vindhögg. Fyrirhugað hrun flokksins varð aldrei að veruleika og flokkurinn hefur styrkst að mun og félagar hans standa nú betur saman gegn hentistefnunni en nokkru sinni fyrr. Innan flokksins fer nú fram barátta gegn frjálshyggju í starfi og hentistefnu í skipulaginu, sem grafið hafði um sig í flokknum. Uppgjörið við 7 menningana sem hlu pust á brott, er aflvaki til nýrra dáða. Þannig hefur baráttan fyrir vikulegu málgagni flokksin eflst til muna og félagar flokksins eru staðráðnir í að sigrast á þeim geysilegu erfiðleikum sem framkvæmd vikublaðsins veldur.

Allt var gert til að leiða 7 menningunum fyrir sjónir að þeir væru að brjóta gegn verkalýðsstéttinni og kommúnismanum með hegðun sinni og afstöðu. Svohljóðandi samþykkt var send til þeirra að afloknum deildarfundi Reykjavíkurdeildar KFÍ/ML sem haldinn var 9. janúar:

Deildarfundur skorar á sjömenningana að endurskoða afstöðu sína til starfsaðferðanna á sunnudag og til liðhlaups síns og til þeirrar afstöðu sinnar að frekar beri að berjast utan flokksins en innan, sem einungis leiðir til áframhaldandi og ósættanlegri klofnings innan ML-hreyfingarinnar. Einnig ályktar deildarfundurinn að málgögn flokksins standi þeim opin til að þeir geti tekið þátt í umræðunum.

Raunar áttu þessir 7 brotthlaupsmenn að mæta á deildarfundinn til þess að gefa skýringar á framferði sínu, en þeir létu ekki sjá sig. Þar með fengu félagar flokksins ekki tækifæri til að láta skoðun sína í ljós og ræða um brotthlaup 7-menninganna við þá sjálfa. Enn hafa 7-menningarnir ekki brugðist við þessu bréfi á neinn annan hátt en með því að færa skemmdarstarf sitt í aukana. Þeir hafa valið að flýja vettvang baráttunnar til að "rannsaka" málin í einrúmi og kyrrð, en höggið sem átti að mölva einingu og skipulag Kommúnistaflokksins reyndist vindhögg.

Allir félagar flokksins verða að gera sameiginlegt átak til að tryggja útgáfu STÉTTABARÁTTUNNAR sem vikublaðs. Sigurinn yfir hentistefnu og klofningsbrölti brotthlaupsliðsins, má ekki takmarkast við orðin ein, hann verður að birtast í verki, í aukinni útgáfu og útbreiðslu STÉTTABARÁTTUNNAR.

Uppgjörið verður að fela í sér sjálfsgagnrýniherferð flokksins til að gera upp við villurnar í starfinu og leiðrétta rangan starfsstíl. Sameiginleg barátta undir vígorðinu EINING - GAGNRÝNI - EINING, mun efla flokkinn og gera hann betur hæfan til að takast á við hin fjölmörgu og erfiðu verkefni stéttabaráttunnar.

29.1.1977.

# Bréf til EIK m-l

17. janúar 1977

Félagar

Það er álit miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands m-l að klofningur íslenskra marxista-lenínista í tvenn meginsamtök sé skaðlegur fyrir íslenska verkalýðsbaráttu og taki mikinn kraft frá byltingarbaráttunni. Í samræmi við þetta var eftirfarandi samþykkt gerð á 3. landsfundi miðstjórnar KFÍm-l:

"3. landsfundur miðstjórnar KFÍm-l telur rétt að boða skuli til almennrar og opinnar ráðstefnu allra íslenskra marxista-lenínista næstkomandi sumar (eða fyrr). Ráðstefna þessi skal taka til umfjöllunar mikilvægi slíkrar sameiningar á grundvelli einingar og jafnréttis. Hún skal ræða raunhæfa möguleika á að yfirvinna samtakaeigingirni og tregðu sem ríkjandi er í afstöðu til sameiningar. Hún gæti til dæmis kosið undirbúningsnefnd sem skipulegði umræður og starf fyrir þing hins sameinaða marx-lenínísku kommúnistaflokks."

Við æskjum þess að þið látið í ljós álit ykkar á slíkri opinni ráðstefnu og jafnframt hvort þið séuð reiðubúin til aukins samstarfs og umræðu er miði að sameiningu KFÍm-l og EIKm-l.

Við leggjum til að þið tilnefnið 2-3 fulltrúa í nefnd sem annast formlegan undirbúning ráðstefnunnar.

Með félagakveðjum
Framkvæmdanefnd KFÍm-l

# Sameining er nauðsyn

Íslenskir marxistar-lenínistar hafa sett sér það mikla verkefni að sameina verkalýðsstéttina til baráttu gegn auðvaldinu. Þetta verkefni krefst allra krafta sem tiltækir eru og það krefst einingar og samheldni innan marx-lenínísku hreyfingarinnar.

En hvernig er ástandið í dag? Hreyfingin er sundruð, klofin í tvær fylkingar. Þetta ástand er ekki aðeins bagalegt, það er stórskaðlegt fyrir byltingarbaráttuna. Klofningurinn hamlar starfi marxista-lenínista meðal verkalýðsins auk þess sem hann dreifir starfskröftum svo árangur baráttunnar verður minni en ella. Af þessum sökum hljóta allir marxistar-lenínistar að hvetja til og vinna að sameiningu KFÍm-l og EIKm-l. Þá sem vilja viðhalda klofningnum verður að draga til ábyrgðar því þeir vinna gegn hagsmunum verkalýðsins. Samtaka eigingirni, hvort sem er í EIKm-l eða KFÍm-l verður að uppræta. Sundrung í herbúðum kommúnismans er einungis vatn á myllu stéttarandstæðingsins.

## 3. landsfundurinn

Landsfundur miðstjórnar Kommúnistaflokksins, 2. jan. sl., setti framkvæmdanefnd flokksins það verkefni að taka þegar í stað af skarið og reyna að finna lausn á þeim deilumálum sem skipta, illu heilli, marxísku-lenínísku hreyfingunni í tvær andstæðar fylkingar. Í samræmi við þessa ákvörðun miðstjórnar sendi Fn flokksins miðstjórn EIKm-l bréf þann 17. janúar sl. Þetta bréf, sem birt er hér í blaðinu, inniheldur tilboð til EIKm-l um að hafið skuli nú þegar skipulagt starf að sameiningu íslenskra marxista-lenínista. Lagt er til að sameiningarstarfið fari fram á þann hátt að það nái til allra félaga samtakanna tveggja þ.e. að almennum liðsmönnum kommúnistahreyfingarinnar verði gefinn kostur á að taka virkan þátt í umræðunni.

Kommúnistaflokkurinn krefst engra pappírsyfirlýsingar af hálfu EIKm-l sem skilyrði fyrir að þessi tilraun til sameiningar geti hafist. En hann krefst þess að EIK m-l komi til umræðunnar með einingu að markmiði. Ef ekki er vonlaust um árangur.

## Svar EIKm-l

Þegar þetta er skrifað hefur ekki borist svar frá EIKm-l við bréfi framkvæmdanefndar. En í janúarblaði Verkalýðsblaðsins er hins vegar harla svört grein sem ekki lofar góðu um einingarvilja EIKm-l. Er ráðist að flokknum með órökstuddum ásökunum og dylgjum og smjattað yfir liðhlaupi sjömenninganna. Í þessari grein er sagt að ekkert frekara samstarf við KFÍm-l komi til greina, hvorki 1. maí-baráttueining né sameiningarviðræður. Þetta er klofningsstarfsemi sem allir sannir verkalýðssinnar hljóta að fordæma ef EIKm-l tekur ekki afstöðu sína til endurskoðunar.




GRUNDVÖLLUR LENINISMANS eftir J. Stalin er nýkomin út hjá Verkalýðsforlaginu.

A bókarkápu segir: "Í fáum en skýrum dráttum, dregur Stalín mynd af heimsskipulagi auðvaldsins, af hinum efnalegu og pólitísku skilyrðum stéttabaráttunnar, sem sprettur upp af þessu skipulagi... ..Bók Stalíns, Leninisminn, er án efa skýrasta og snjallasta lýsing, sem til er af þeirri kenningu, sem sagði fyrir þessa byltingu, útskýrði afstöðu hennar í söguþróuninni og kveikti á blysum hins byltingasinnaða vinnandi lýðs um heim allan" (Úr eftirmála Sverris Kristjánssonar að 1. útgáfu Grundvallar leninismans, 1930)

Bókin kemur út í endurskoðaðri þýðingu, og er hún 124 blaðsíður að stærð.

Þetta er bók sem engin sem kynna vill sér marxismann-leninismann ætti að láta fara fram hjá sér. Hana er hægt að kaupa í Rauðu Stjörnunni, Lindargötu 15 og helstu bókabúðum í Reykjavík.

Bókina er hægt að panta í póstkröfu frá Rauðu stjörnunni, hvert á land sem er.



# ÚR BARÁTTUNNI

## ATVINNULEYSI VEGNA GRÓÐASJÓNARMIÐA

Um áramótin var hætt rekstri tveggja minkabúa að Skeggjastöðum í Mosfellssveit Ástæðan er sú að eigendurnir Pálmi í Hagkaup, finnska sendiráðið og Loðskinn h/f græða ekki nóg á starfseminni. Fimm verkamenn störfuðu að jafnaði við fóðrun og aðra hirðingu dýranna. Eigendurnir skipulögðu reksturinn illa og skulu tekin nokkur dæmi því til sönnunar. Þegar einhver tæki biluðu, eins og t.d. fóðurvélar, sjálfsbrynning, og önnur tæki sem nauðsynleg eru, var ekkert gert til að lagfæra þau, þrátt fyrir umkvartanir verkamanna Á veturna þegar snjóþungt var, var ekki hirt um að moka vegina upp að búunum, og þurfti verkafólkið að beita eigin afli við flutning á fóðri og öðru sem nauðsynlegt er fyrir starfsemina. Einn verkamaðurinn útvegaði traktor þegar ástandið var sem verst, án þess að fá greiðslu fyrir, hvað þá að hann væri beðinn um þennan greiða af stjórnendum búanna. Þrátt fyrir að ástandið væri svona, segja eigendurnir að kostnaður við snjóruðning og flutning á fóðrinu væri svo hár að það eina sem borgaði sig væri að leggja niður búin. Skinnin af minkunum voru flutt óunnin úr landi, í stað þess að vinna þau hér heima eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Af þessum sökum missir verkafólk mikla árstíðabundna atvinnu sem það hafði reiknað með. Launagreiðslur voru í algjörum ólestri. Verkafólkið borgaði fæði og bensín á bíla sína sjálft og fékk síðan endurgreiðslu sem reiknuð var sem laun, og sköttuð samkvæmt því. Greiðslur til lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna voru engar og orlofsgreiðslur voru trassaðar þangað til nú nýverið.

Þetta ástand er hálf napurlegt, þegar íslenskir atvinnurekendur reka áróður fyrir atvinnu fyrir alla landsmenn og fyrir íslenskum vörum Sem sagt:atvinnu þegar atvinnurekendur græða, skítt og laggó með atvinnulausa landsmenn. Í Mosfellssveit er mikið af minka-, hænsna,- og svínabúum þar sem margir ófélagsbundnir verkamenn vinna. Þeir borga ekki í lífeyrissjóði né njóta réttinda verkalýðsfélaganna, enda hefur stór hluti verkafólksins ekki hugmynd um réttindi sín né vinnukjarasamning. Sökin er Dagsbrúnar, því þetta er félagssvæði hennar eftir að verkalýðsfélagið Esja var lagt niður fyrir nokkrum árum

Þess vegna vil ég skora á alla ófélagsbundna verkamenn í Mosfellssveit að ganga í Dagsbrún og kynna sér vel réttindi sín sem náðst hafa fram vegna harðvítugrar baráttu gegn eigendum atvinnutækjanna.

bsk/-

## UNDIRBÚNINGUR SJÓMANNA

Á Höfn í Hornafirði voru fundahöld helgina 22.-23. jan. á vegum sjómanna þar og voru þeir að leggja línuna fyrir komandi verkalýðsbarátta í nánustu framtíð Óskar Vigfússon formaður Sjómanna-

framhald á bls. 3

# ÁSKRIFTARGJÖLD

Áskriftargjöld STÉTTABARÁTTUNNAR eru sem hér segir fyrir árið 1977:

Ársáskrift..........3000 kr.
Hálfsársáskrift......1800 kr.
Ársfjórðungsáskrift..1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)........5000 kr

Ársáskriftir verður að greiða fyrirfram, þess vegna er hún hlutfallslega ódýrust. Þeir sem eru búsettir erlendis verða að greiða baráttuáskrift vegna hins dýra sendingagjalds.

## HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357.
Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans:
Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.

Akureyri : Nanna Rögnvaldsd. Byggðavegi 88.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík. s. 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.

Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.

Eftir Mao Tse-tung.

# Berjumst gegn frjálshyggjunni

Við höldum á lofti lifandi fræðilegri baráttu, vegna þess að hún er vopn til að tryggja einingu innan flokksins og hinna byltingarsinnuðu samtaka sem þjóna markmiði baráttu okkar. Sérhverjum kommúnista og byltingarmanni ber að taka upp þetta vopn.

En frjálshyggja hafnar fræðilegri baráttu og vill frið án grundvallarreglna og ryður þannig brautina fyrir rotin, óheiðarleg viðhorf og kemur af stað pólitískri úrkynjun innan vissra hópa og hjá vissum einstaklingum í flokknum og hinum byltingarsinnuðu samtökum.

Frjálshyggja birtist á ýmsan hátt.

Hún birtist í því að láta það dankast fyrir vináttusakir og til þess að halda friði, ef einhver fer bersýnilega villur vegar, að sleppa honum við stefnuföst og rökrétt andsvör, vegna þess að hann er gamall kunningi, samborgari, skólafélagi, náinn vinur, einhver sem maður elskar, gamall samstarfsmaður eða undirmaður. Eða þá að fitla við málið og taka léttilega á því, til þess að ekki slettist upp á vinskapinn, í stað þess að taka það rækilega til meðferðar. Afleiðingin verður sú, að bæði einstaklingurinn og samtökin bíða tjón af. Þetta er ein tegund af frjálshyggju.

Hún birtist einnig í ábyrgðarlausri gagnrýni manna á meðal í stað þess að vera virkur í samtökunum og bera gagnrýni sína þar upp. Einnig í því að segja aldrei neitt upp í opið geðið á fólki, en blaðra um það á bak, að segja ekkert á fundum, en nöldra á eftir. Þá kemur hún og fram í því að skeyta ekkert um þær reglur sem fylgja verður í félagslífinu en fara eftir sínum eigin duttlungum. Þetta er önnur tegundin af frjálshyggju.

Frjálshyggja kemur og fram í því að láta allt reka á reiðanum, sem ekki snertir mann persónulega. Að segja eins lítið og unnt er enda þótt maður viti fullvel hvað er rangt, að vera hygginn á veraldavísu, að gæta síns eigin öryggis í hverjum leik og miða allt við að sleppa við ávítur. Þetta er þriðja tegundin af frjálshyggju.

Þá birtist hún í því að hlíta ekki fyrirmælum, en láta sínar eigin skoðanir sitja í fyrirrúmi Að krefjast sérstakrar tillitssemi af hálfu samtakanna en neita að ganga undir aga þeirra Þetta er fjórða tegundin.

Ennfremur kemur hún fram í áráttu til persónulegra árása, þrætugirni, persónulegri óvild og þeirri afstöðu að hyggja á hefndir í stað þess að rökræða og berjast gegn röngum hugmyndum til þess að koma á einingu, hrinda málunum áleiðis og tryggja að störfin séu vel unnin. Þetta er fimmta tegundin.

Að hlusta á rangar skoðanir án þess að hrekja þær og jafnvel að heyra gagnbyltingarsinnaðar athugasemdir án þess að skýra frá þeim, en taka þeim þess í stað með jafnaðargeði eins og ekkert hafi í skorist. Þetta er sjötta tegundin.

Að vera meðal fjöldans án þess að vinna áróðurs- og útbreiðslustarf, án þess að tala á fundum, spyrjast fyrir og kanna allar aðstæður meðal þess fólks sem maður er samvistum með. Að láta sig þess í stað málefni fólksins engu skipta, sýna enga umhyggju fyrir hagsæld þess, gleyma því að maður er kommúnisti og hegða sér eins og algengt er um menn sem ekki eru kommúnistar. Þetta er sjöunda tegundin.

Að láta mönnum haldast uppi að vinna fjöldanum tjón án þess að fyllast gremju, hindra þá eða koma í veg fyrir áform þeirra með skynsamlegum fortölum, en lofa þeim þess í stað að fara sínu fram. Þetta er áttunda tegundin.

Að vinna verk sitt með hálfum huga án allrar áætlunar og stefnumiðs. Að vinna skyldustörf sín vélrænt og láta allt dankast einhvern veginn. "Á meðan maður er munkur, heldur maður áfram að hringja klukkunum." Þetta er níunda tegundin.

Að álíta sig hafa veitt byltingunni framúrskarandi þjónustu, hrósa sér fyrir að vera þaulreyndur stríðsmaður að fyrirlíta minniháttar verkefni jafnframt því að vera allsendis óhæfur við mikilsháttar viðfangsefni, að vera hirðulaus í starfi og slá slöku við í námi. Þetta er tíunda tegundin.

Að vita af eigin mistökum, en gera enga tilraun til að leiðrétta þau. Þetta er afstaða frjálshyggjumannsins gagnvart sjálfum sér. Þetta er ellefta tegundin.



Mao formaður gefur skýrslu á fundi starfsliða í 8. fastahernum.

Við getum nefnt fleiri tegundir, en þessar ellefu eru megintegundirnar. Allar eru þær birtingarform frjálshyggju.

Frjálshyggja er ákaflega skaðleg í byltingarsamtökum. Hún er eins og sýra sem tærir einingu samtakanna, veikir samheldnina, veldur deifð og doða og kemur af stað ósamlyndi. Hún tætir sundur samfellt skipulag og strangan aga í fylkingum byltingarinnar, kemur í veg fyrir að stjórnmálalegum markmiðum sé hrint í framkvæmd og fjarlægir flokkssamtökin fjöldanum sem hann hefur leiðsögn fyrir. Hún er hin versta árátta.

Frjálshyggjan á rætur sínar að rekja til smáborgaralegrar eigingirni, hún setur eigin hagsmuni í fyrsta sæti, en hagsmuni byltingarinnar í annað sæti, og það ryður brautina fyrir frjálshyggju á sviði hygmyndafræðinnar, pólitíkurinnar og skipulagsins.

Frjálslynt fólk lítur á kenningar marxismans sem kreddur, ofar hlutstæðum raun veruleika. Það viðurkennir marxismann, en er ekki við því búið að fylgja honum í verki að minnsta kosti ekki til fulls. Þessir menn eru ekki reiðubúnir að láta marxismann leysa frjálshyggju sína af hólmi. Þeir hafa sinn marxisma, en fylgja frjálshyggju í verki. Þeir beita marxismanum fyrir sig gagnvart öðrum en frjálshyggjunni gagnvart sjálfum sér. Þeir hafa hvort tveggja í förum sínum og færa sér hvort tveggja í nyt. Það er svona sem sumir menn beita heila sínum.

Frjálshyggja er birtingarform hentistefnu og er grundvallarlega í andstöðu við marxismann. Hún er neikvæð, og hlutstætt virkar hún sem stuðningur við óvininn; af þeim sökum fagna óvinirnir tilveru hennar í röðum okkar. Þar sem eðli frjálshyggjunar er slíkt, ætti ekki að vera neitt rúm fyrir hana í röðum byltingarinnar.

Við verðum að beita marxisma, sem er jákvæður í eðli, til að sigra frjálshyggjuna, sem er neikvæð. Kommúnisti ætti að búa yfir víðsýni og hann ætti að líta á hagsmuni byltingarinnar sem líf sitt og láta hagsmuni sína víkja fyrir hagsmunum byltingarinnar; alltaf og allstaðar á hann að standa föstum fótum á grundvallarreglum og berjast óslitinni baráttu gegn öllum röngum hugmyndum og aðgerðum, í því skyni að styrkja félagslegt líf flokksins og treysta böndin milli flokksins og fjöldans; hann ætti að láta sig meira varða um flokkinn og fjöldann en um nokkurn annan einstakling, og hann ætti að láta sig meira varða um aðra en sjálfan sig. Þá og því aðeins er hægt að líta á hann sem kommúnista.

Allir trúir, heiðarlegir og sannir kommúnistar verða að sameinast til að berjast gegn tilhneigingum til frjálshyggju sem koma fram hjá sumum meðal okkar og leiðrétta þá. Þetta er eitt af verkefnum okkar á fræðilega sviðinu.

7. september 1937.

Ól þýddi.




ABU DAOUD.

Nýlega var handtekinn í Frakklandi, Abu Daoud, einn af leiðtogum þjóðfrelsissamtaka palestínuaraba, PLO. Honum var gefið að sök að skipuleggja morð á ísraelskun íþróttamönnum á Olympíuleikunum í Munchen 1972.

Fljólega slepptu frönsk yfirvöld honum, þrátt fyrir að bæði ísraelska og V-þýska stjórnin hefðu krafist þess að fá hann framseldan. Í kjölfar þessara aðgerða franskra yfirvalda komu stórorðar yfirlýsingar frá mörgum heimsvaldasinnuðum ríkisstjórnum þ.á.m. Ísraels, V-Þýskaland: og Bandaríkjanna.

Síonistinn Yitsak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, sagði meðal annars, að ísraelsmenn myndu gera allt sem þeir gætu til að Daoud verði leiddur fyrir rétt. Ennfremur að afstaða Frakka í þessu máli gagnaði engum nema skærulið um heimsins.

Semsagt: forsætisráðherra Ísraels er á móti frelsisbaráttu 3ja heimsins, hvort sem í hlut eiga Palestínuarabar, eða blökkumenn í Afríku sem eru að berjast gegn fasistum í Asaníu og víðar. Þarna kemur glöggt í ljós hver afstaða síonista er þeir eru heimsvaldasinnar.

Stuttu eftir að þetta gerðist boðaði Abu Daoud til blaðamannafundar og skýrði afstöðu sína. Hann sagði meðal annars að hann væri reiðubúinn að fara til V-Þýskaland , ef þarlend yfirvöld tryggðu öryggi hans. Einnig benti hann á þá staðreynd að PLO hefðu engann þátt átt í morðunum í München, því þau fordæma þess konar vinnubrögð. PLO byggja baráttu sína á að vopna alþýðuna til að berjast gegn síonistum sem rændu la landi þeirra fyrir 29 árum

Það land heitir í dag Ísrael

ghr/.



## ÚR BARÁTTUNNI

framhald af bls. 2

sambands Íslands sótti fundinn á Höfn en hann er liður í að skapa tengsl milli stéttafélaganna svo hægt sé að samræma baráttuna um allt land. Forystumönnum Sjómannasambandsins er ljóst að raunhæfur og varandi árangur í verkalýðsbaráttunni næst ekki nema á grundvelli skipulagðrar fjöldabaráttu og leggja þeir því mestu áherslu á að gera hverjum viðkomandi einstaklingi það ljóst hve nauðsynlegt er að hann sé virkur í baráttunni, því einstaklingarnir skapa heildina. Næstu sjómannafélagsfundir sem Óskar sækir eru fyrirhugaðir á Snæfellsnesi, Norðurlandi og loks á Vestfjörðum ef tími vinnst til. Mikilvægt er að hver sá sjómaður er vettlingi getur valdið mæti á fundina og kynni sér áætlanir sjómanna undir forystu sambands síns til að geta lagt sitt af mörkum bæði í orði og á borði, beri hann hagsmuni stéttar sinnar fyrir brjósti

ghb/-

## Hvers er sökin? ...

framhald af baksíðu

svæði virðist nú ætla að koma þeim í koll.

Þannig er ljóst að þótt menn loki algerlega augunum fyrir vaxandi goshættu á svæðinu er ástandið allt annað en bjart, og hafa ýmsir aðilar komið fram með mjög harða gagnrýni á þátt Kröflunefndar í þessu máli og þá einkum Jóns Sólness og skyldmenna hans.

En þegar allt bregst er gott að hafa vini, sem taka málstað manns gegnum súrt og sætt. Ragnar Arnalds formaður Alþýðubandalagsins og fulltrúi þess í Kröflunefnd skrifaði mjög svo athyglisverða áramóta grein í Þjóðviljann. Þar leitast hann við að slá skjaldborg um vin sinn Sólnes, Alþýðubandalagið og sitt eigið skinn. "Einu mistökin" segir hann "sem gerð hafa verið við Kröflu voru þau að ekki skyldu hafa verið boraðar vinnsluholur áður en bygging virkjunarinnar hófst heldur aðeins tvær grynnri rannsóknarholur, sem reyndust ekki gefa fullnægjandi upplýsingar". Og síðan mælir Ragnar spaklega: "En á þetta benti enginn svo mér sé kunnugt þegar ákvörðun var tekin og alltaf er auðvelt að vera vitur eftirá."

Á sínum tíma gagnrýndu jarðfræðingar þá Sólnessfeðga harðlega fyrir vanhugsuð kaup á túrbínum og töldu litlar líkur á að þeim tækist að finna gufu, sem hafði nákvæmlega rétt hitastig, þrýsting og raka fyrir vélarnar. Skv. skýringu Ragnars flokkuðust vélakaupin ekki undir mistök. Það skyldi þó ekki vera að enginn hafi gert sér það ómak að uppfræða hann um kaupin og e.t.v. veit hann ekki að mjög færir menn hröktust frá störfum við Kröfluvirkjun m.a. vegna þessara mistaka.

Jarðvísindamenn hafa ávallt bent á að annað væri algjörlega óþekkt við gerð gufuaflsvirkjana en að túrbínur væru hannaðar eftir að vinnsluholur hefðu blásið í eitt til tvö ár. Þá verður líka að skrifa það á langan "mistakalista" Kröflunefndar að láta halda áfram framkvæmdum eftir gosið í Leirhnjúk og tefla þannig lífi fjölda manna í tvísýnu. Það er hinsvegar og mun ávallt verða hægt að fá menn með sérfræðingstitil til að skrifa undir glæfrapólitík og fjármálaspillingu á borð við þá sem Arnalds og Sólnes hafa ástundað Slíkir menn eiga það sameiginlegt með þeim félögum að þeir verða aldrei vitrir eftirá heldur forherðast aðeins.

Rvík 19. jan. ´77.

## Afnám ...

framhald af forsíðu

valdsins til að skerða verulega skattfríðindi þau sem sjómenn hafa notið hingað til er öruggt að því mun verða svarað af fyllstu hörku. Sjómenn eru langþreyttir á sífelldum lagasetningum ríkisvaldsins til að skerða kjör þeirra. Skattafrádrátturinn hefur í mörgum tilfellum verið það eina sem hefur haldið aftur af sjómönnum að fara í land. Ef ríkisstjórnin ætlar sér með þessari lagasetningu að ná aftur þeim kjarabótum sem sjómenn munu ná fram í vor þá skjátlast henni hrapallega Sjómenn og samtök þeirra hljóta að líta þannig á að allar slíkar lagasetningar jafngildi því að samningar þeirra séu aftur lausir.

Rvík 27. jan. ´77.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

# Stéttabaráttan




STÉTTABARÁTTAN
3. tbl. 6. árg. 1/2 1977

Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l

STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega

Sími: 27810
Gíró: 27810

Ábyrgðarm.: Sigurður Ingi Andréson

Það sannaðist síðastliðinn föstudag að Sólnes &Arnalds eru eins og eineggja tvíburar í Kröfluæfintýrinu. Engum getur þó dulist, að þó svo að Sólnes&Arnalds takist að koma Kröflu í gang einhverntíman í framtíðinni þá er það almenningur sem borgar brúsann hvernig sem fer.

# Hvers er sökin?

Það hefur vakið furðu margra hversu lengi Þjóðviljinn og Alþýðubandalagið hafa kyngt ósómanum við Kröflu Varla heyrist orð úr þeirri átt um Japansreisur, umboðslaunagreiðslur, meðferð útboða, frændsemi Sólnesa, gullin jólakort ofl. ofl. Það virðist sem sé vera munur á krataflokkunum tveim Hjá Alþýðuflokknum þarf hver sinn bitling en Alþýðubandalagsmenn samþykkja að einn fái fyrir alla.

Það blæs ekki byrlega fyrir Jóni Sólness formanni Kröflunefndar þessa dagana. Síðustu fréttir herma að hann sé nú staddur í Japan við þriðja mann til að reyna að fá breytt kaupsamningnum um vélarnar sem hann keypti fyrir Kröfluvirkjun, þar sem fullvíst þykir nú að Krafla muni ekki gefa nægilega orku til að knýja þær vélar á næstunni a.m.k.

Kröflunefnd hafði ákveðið að núna um áramótin skyldi tekin í notkun önnur vélasamstæðan af tveim (30MW) norður í Kröflu. Við þessa ákvarðanatekt gleymdu Kröflunefndarmenn að taka tillit til þess að háhitasvæði hegða sér ekki alltaf í samræmi við pólitískar ákvarðanir ráðamanna þó stundum megi fá vísindamenn til að dansa eftir þeirra nótum. Þannig hefur nú komið í ljós að gufuöflunin hefur ekki gengið eins vel og ákveðið hafði verið.

Gífurlegu fé hefur verið eytt í boranir á svæðinu en afraksturinn er ekki í samræmi við það. Þannig hafa holurnar ýmist hrunið saman eða stíflast vegna útfellinga að ógleymdri einni holunni, sem nú er hverinn "Sjálfskaparvíti". Í haust fór að koma "svart vatn" úr sumum borholunum (þ.e. fóðring holunnar í uppleystu formi). Hraunkvikan undir svæðinu er á stöðugri hreyfingu og gera púlsar af gasi það að verkum að fóðringar og vélar sem tengja á við holurnar þyrftu að vera annað hvort úr gulli eða platínu til að þær tærðust ekki og eyðilegðust á mjög skömmum tíma.

Af þessum orsökum og ýmsum öðrum hefur aðeins tekist að fá brot af þeirri gufu upp úr borholunni, sem þarf til að geta keyrt vélarnar. Sú ákvörðun Kröflunefndar að kaupa vélarnar áður en borað hafði verið og vissa fengin fyrir því að vélarnar hentuðu á þessu

framhald á blaðsíðu 3.

# Námsfólk stefnir ráðherra og lánasjóði íslenskra námsmanna

Námsmenn hafa í allt haust átt í harðri baráttu við ríkisvaldið um námslánin. Inntak þeirrar baráttu er í meginatriðum baráttan fyrir jafnrétti til náms, barátta til að tryggja börnum verkalýðs og annars launafólks jafnan aðgang að menntun og börnum efnafólks. Barátta þessi beinist jöfnum höndum að þeim okurlánalögum er ríkisvaldið hvolfdi yfir námsfólk í fyrravor og sem gera námslán ein allra lána í þjóðfélaginu vísitölubundin að fullu, - og að reglugerð og úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Námsmenn hafa barist gegn ýmsum ákvæðum í þessum pappírsgögnum en í haust einkum gegn úthlutunarreglunum. Gegn þeim hefur unnist upp samstaða því nær alls námsfólks, þótt ekki hafi alltaf takist sem skyldi að virkja þennan fjölda. Það er ekki nóg með að þessar reglur séu slæmar og bein árás á fátækt námsfólk, heldur hafa leikbrúður ríkisvaldsins í stjórn lánasjóðsins ekki skirrst við að ganga enn lengra en mis réttislögin. Þetta geta námsmenn ekki þolað, og því hafa þeir ákveðið að höfða nokkur prófmál gegn ríkinu. Hið fyrsta þessara mála er nú komið í gang.

## Ekkert tillit til framfærsluþunga

Hingað til hafa hin naumt skömmtuðu námslán miðast við fjölskyldustærð námsmanna, og hafa þeir fengið meira, sem þurfa að sjá fyrir börnum Með hinum nýju úthlutunarreglum er þessu snúið við. Það tiltölulega jafnrétti milli þessara tveggja hópa, fjölskyldufólks og einstaklinga, sem við lýði var, er nú þurrkað út. Þegar upphæð námslána er reiknuð út, er ekkert tillit tekið til framfærsluþunga fyrr en farið er að ákveða, hversu mikinn hluta tekna skuli draga beint frá námsláni. Námsmenn með börn á framfæri mega hafa nokkru hærri tekjur en aðrir, áður en farið er að draga þær frá námsláni. Slíkt "tillit" nýtist auðvitað engum nema þeim sem hafa tiltölulega háar tekjur með námi eða í sumarleyfum. Auðvaldið passar sína, - eða hverjir ætli eigi þess kost að fá há námslán? Í lögum stendur hinsvegar að taka eigi "eðlilegt tillit til fjölskyldustærðar".

## Stefnandi og kröfur hans

Stefnandi fyrir hönd námsmanna er Egill M. Guðmundsson, námsmaður í Ósló. Þær kröfur sem hann gerir eru að námslán hans verði reiknað skv. sömu reglum og giltu í fyrra, eða að tekið verði á annan hátt tillit til fjölskyldustærðar hans og framfærsluþunga. Hann á eitt barn og eiginkona hans er í námi í Ósló, sem ekki er veitt námslán til (hjúkrun).

## Krafa námsmanna: Fulltrúar ríkisvaldsins víki úr stjórn sjóðsins

Námsmenn eiga 3 fulltrúa í stjórn lánasjóðsins og ríkisvaldið 3, þar af einn með tvígilt atkvæði. Nú hafa námsmenn sett fram þá eðlilegu kröfu, að fulltrúar ríkisvaldsins, þeir Jón Sigurðsson, form aður, upprennandi stjarna ungra framsóknarmanna, - Árni Ólafur Lárusson, heimdellingur í metorðastreði - og Stefán Pálsson, einn bitlingasmala framsóknarmafíunnar, víki úr sjóðstjórn, meðan verk þeirra eru könnuð fyrir dómi. Undir þá réttlátu kröfu, svo og aðrar kröfur námsmanna, sem miða að efnahagslegu jafnrétti til náms, hljóta verkamenn og annað framsækið launafólk að taka undir. Lesendur eru hvattir til að fylgjast vel með framvindu þessara mála næstu mánuði.

gv/-










# Neglan er kyrr á sínum stað

Baráttan fyrir útgáfu vikublaðsins er eins og tal tveggja manna
sem eiga ófarið yfir ógnandi brimgarð til að ná landi.

Annar segir að árarnar séu ef til vill of lélegar og
að áttavitinn gæti reynst rangur.
Hann vill bíða þar til þeim berst aðstoð.
Hinn segir að að þeir verði að finna rennu gegnum boðaföllin,
treysta á óskeikulleika áttavitans og berjast til þrautar.

Annar er hikandi og óviss, hinn er óragur og reiðubúinn.

Í óvissu sinni heldur annar þeirra að skektan muni farast
ef henni verði siglt út á röstina,
en jafnframt er hann gramur yfir einurð og skapfestu hins.
Ef við komumst að landi, þrátt fyrir brimið, hugsar hann,
hefi ég fyrirgert rétti mínum til að stýra bátnum.

Þá hef ég efast og óttast en hann staðið hiklaus
Þá hef ég gugnað og gefist upp en hann gengið með sigur af hólmi.
Og hann hugsar: í rauninni á ég ekki í baráttu við hafið,
heldur við óttaleysi og óbilgirni samferðamannsins.
Látum hann berjast við hafið, hann mun komast að því,
að án mín nær hann aldrei landi.
Í ákafa sínum hefur hinum yfirsést að samferðamaðurinn er hræddur
Hann telur sér trú um, að úggurinn muni hverfa
þegar átökin við boðaföllin hefjast.
Hann telur víst, að baráttan við holskeflurnar
muni treysta samstöðu þeirra.
Þess vegna gefur hann of lítinn gaum að nagandi uggnum
sem gagntekur félagann
og verður þess ekki var, að hann á ekki aðeins í stríði við
hafið, heldur einnig samferðamann sinn.

Í óvissu sinni og hatri reynir annar að bregða fæti fyrir hinn.
Hann hefur komið auga á rekald sem marar í logninu
og veit að því er ekki stefnt að landi.
Og þegar löðrið af fyrsta boðanum hvelfist yfir bátsstefnið
nær beygurinn yfirhöndinni í gerðum hans.
Ég sel þér tvo kosti, hrópar hann upp í drunur brimsins,
annað hvort höldum við kyrru fyrir utan við brimgarðinn
og bíðum aðstoðar, eða ég stekk fyrir borð!
Og þegar hinn segir að þeir verði að ná landi,
eins og þeir hafi alltaf talað um,
reynir sá óttaslegni að rífa negluna úr bátnum um leið
og hann kastar sér fyrir borð.

Nú þegar brimlöðrið steypist yfir bátsstefnið
og boðarnir rísa enn hærra en virtist úr fjarska,
verður bátverjanum ljóst að hann á aðeins einn kost.
Hann horfir á félaga sinn synda út í rekaldið og heyrir köll
hans: Þú drukknar! Þú drukknar! Ég er með negluna úr bátnum!

Og bátverjinn brosir, um leið og hann beitir upp í storminn,
Því hann veit að neglan er kyrr á sínum stað.

félagi/

# Gagnrýni frá sellu

Öll er sellan sammála um að blaðinu hefur farið mjög fram hvað varðar magn greina um verkalýðsmál. Öðru máli gegnir um innihald þessara greina flestallra. Þær hafa það mjög sammerkt að segja aðeins frá á hluttektarlítinn hátt og leggja síðan nær eingöngu áherslu á dægurkröfur verkalýðsins, eða þá slá út í hinar öfgarnar að segja án þess að raunverulega sýna fram á það að "sósíalisminn sé eina lausnin". Greinin á forsíðu um Kröflu og raunar allar greinarnar á forsíðu eru með þessu marki brenndar, að meira eða minna leyti. Í greininni um Kröflu er einnig beinlínis farið með rangt mál samkvæmt okkar upplýsingum. Nauðsynlegt hefði verið að afla betri heimilda t.d. frá félögum sem vinna eða hafa unnið á staðnum og þá sérstaklega um það hvernig öryggiskerfinu er háttað og setja síðan fram rökstudda gagnrýni á það. Einnig skortir í greinina leiðbeiningar fyrir starfsfólkið á staðnum um það hvernig haga beri baráttunni gegn öryggisleysinu og inn á hvaða brautir beina beri baráttu verkalýðsins

Í blaðinu mættu einnig vera fleiri greinar sem draga saman allar smágreinar um verkalýðsmál og ástandið í verkalýðsbaráttunni í heild, á pólitískan hátt þannig að lýst sé hver skilyrðin eru í baráttunni, hverjar kröfurnar og stefnumálin séu sem sett eru upp og hvert það muni leiða verkalýðinn í bráð og lengd í baráttu hans fyrir sósíalismanum. Að auki finnst okkur að blaðið verði að leggja meiri áherslu á pólitískar afhjúpanir, að afhjúpa arðránið, afhjúpa ríkisvaldið og spillingu borgarastéttarinnar, sem í "samtryggingarkerfi" sínu kúga og blekkja verkalýð og vinnandi alþýðu.